



Dagsetning: 14. september 2022  
Efni: Erindi vegna útboða og verkkaupa  
Höfundur: Ármann V. Sigurðsson

Málsnúmer  
2206092

### **Samantekt fjárfestinga og viðhaldsverkefna**

Fjallabyggð hefur borist beiðni, dags. 27. júní sl., um upplýsingar um útboð verklegra framkvæmda hjá Fjallabyggð á síðasta kjörtímabili. Sérstaklega er óskað upplýsinga um það hvernig þau hafa staðist áætlanir með tilliti til aukaverka og kostnaðar.

Þá er ennfremur óskað upplýsinga um það hvernig staðið hefur verið að kaupum á viðhaldsþjónustu og hvort þau séu alltaf unnin í samræmi við innkaupareglur Fjallabyggðar.

Bæjarráð fól deildarstjóra tæknideildar að útbúa samantekt þar sem greind yrðu 3 stærstu fjárfestingaverkefni og 3 stærstu viðhaldsverkefni sveitarfélagsins hvers árs á síðasta kjörtímabili og leggja aftur fyrir bæjarráð. Þá er deildarstjóra einnig falið að svara fyrirspurn Þóris um hvernig staðið er verkkaupum á viðhaldsverkefnum hjá sveitarfélaginu.

Í meðfylgjandi samantekt eru upplistuð þrjú stærstu fjárfestingaverkefni hvers árs. Á árunum 2020-2021 voru aðeins boðin út tvö viðhaldsverk en fleiri á árunum 2018-2019. Listað er upp tilboðsupphæð, kostnaðaráætlun og svo bókfærður kostnaður. Í þeim tilfellum sem bókfærður kostnaður er hærri en tilboðsupphæð þá er um aukaverk eða magnaukningar að ræða en þar sem bókfærður kostnaður er lægri þá er um minnkun á magntölum að ræða.

Í tilefni af þeim hluta fyrirspurnar þinnar er snýr að verklagi varðandi kaup á þjónustu vegna viðhaldsverkefna og þá hvort fylgt sé innkaupareglum Fjallabyggðar í þeim tilfellum er því til að svara að Fjallabyggð hefur sem kunnugt er sett sér innkaupareglur sem samþykktar voru á 168. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar þann 15. nóvember 2018. Fjallabyggð er bundið af þeim reglum og þær hafðar að leiðarljósi við öll innkaup á vegum sveitarfélagsins. Reglunum er m.a. ætlað það hlutverk að stuðla að hagkvæmni í innkaupum sveitarfélagsins með virkri samkeppni, góðum viðskiptaháttum og vandaðri stjórnslu. Þá er reglunum ennfremur ætlað að tryggja jafnræði og gegnsæi auk þess sem þar er fjallað um að útboðum skuli beitt eins og unnt er og hagkvæmt þykir, eigi það við.

Vísast nánar til reglnanna sem finna má á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.fjallabyggd.is/static/research/files/innkaupareglur-fjallabyggdarpdf>

**Framkvæmdir**

	<b>2021</b>	<b>Tilboð</b>	<b>Kostnaðaráætlun</b>	<b>Bókfært</b>
Endurnýjun Norðurgötu		11.801.962	11.599.000	14.670.185
Búningsaðstaða fyrir fatlaða Siglufirði		27.297.361	26.762.000	33.851.594
		193.400		
Gangstéttir		p.m2	279.700 p.m2	31.426.154
	<b>2020</b>			
Holræsi Hvanneyrarkrók		79.929.518	81.507.500	78.886.671
Lóð Leikhóla		43.984.200	38.965.803	55.905.606
Bylgjubbyggð - Hlíðarvegur, Ólafsfirði		23.979.390	29.660.500	25.604.297
	<b>2019</b>			
Grunnskóli Ólafsfirði, skólalóð 2. áfangi		61.404.775	59.798.597	75.368.590
Endurnýjun Aðalgötu, Siglufirði		24.739.560	33.041.200	35.825.731
Bakkabyggð, Ólafsfirði		48.843.750	46.547.500	52.237.556
	<b>2018</b>			
Endurnýjun Eyrargötu		33.619.461	38.439.000	45.985.905
Grunnskóli Ólafsfirði, skólalóð 1. áfangi		22.983.030	20.555.600	28.298.672
Grunnskóli Siglufirði, skólalóð 1. áfangi		20.570.755	22.324.500	23.297.540

**Viðhald**

	<b>2021</b>	<b>Tilboð</b>	<b>Kostnaðaráætlun</b>	<b>Bókfært</b>
Hafnarvog, endurbætur innanhúss		3.249.960	3.198.000	3.873.525
	<b>2020</b>			
Gránugata 24, utanhússklæðning		27.986.500	24.340.000	34.375.872
	<b>2019</b>			
Endurnýjun þakklæðningar, MTR		8.976.250	9.083.500	9.233.624
Endurnýjun á lýsingu í íþróttahúsum		7.383.261	8.440.714	7.838.205
Skálarhlíð, breytingar á 1 hæð		9.100.026	9.243.020	8.705.320
	<b>2018</b>			
Endurbætur utanhúss, Strandgata 20		14.325.000	15.937.000	14.477.293
Gránugata 24, endurbætur utanhúss		7.274.145	6.870.000	4.925.336
Aðalgata 27, endurnýjun þakklæðningar		8.987.500	5.125.000	7.597.500

Virðingarfyllst,  
f.h. Fjallabyggðar,



Árman Viðar Sigurðsson  
Deildarstjóri tæknideildar